- EXPERIENCE MEETINGS
- *FUNDAHALD Í FREMSTU RÖÐ*





Radisson BLU
HÓTEL SAGA







VERIÐ VELKOMIN Á HÓTEL SÖGU!

Flestir þekkja Radisson BLU Hótel Sögu, hið rómaða hótel sem býr yfir meira en 50 ára sögu. Á þeim tíma höfum við komist að því að gæði, reynsla og þekking standa alltaf fyrir sínu og með því að vera hluti af alþjóðlegri keðju getum við gert enn betur. Á hótelinu eru 209 herbergi og svítur með stórkostlegu útsýni yfir miðborgina, út á haf og yfir háskólasvæðið. Öllum herbergjum fylgir þráðlaust net.

SMAKKAÐU!

Hjá okkur stendur valið um þrjá glæsilega veitingastaði, allt eftir tilefninu og félagsskapnum hverju sinni. Við hefjum daginn á frískandi morgunverðarhlaðborði í Sunnusal. Í Skrúði er hægt að grípa sér kræsingar af hlaðborði í hádeginu sem og á kvöldin í barnvænu umhverfi. Eftir daginn er gott að slaka á yfir hressandi kokteil og snarli á Mímisbar. Efst trónir svo Grillið, stoltið okkar og einn af fremstu veitingastöðum landsins, nú sem síðustu áratugi, þar sem matreiðslumeistarar okkar töfra fram nútímalega rétti úr frábæru, íslensku hráefni.

NJÓTTU!

Á Hótel Sögu er allt til alls og þjónustan fyrsta flokks. Fjögurra stjörnu hótelið okkar er í göngufæri við miðbæinn en þó í rólegu umhverfi sem býður upp á spennandi möguleika til útivistar og fjölbreytta afþreyingu, innan húss sem utan.









EXPERIENCE MEETINGS

Við á Hótel Sögu kynnum nýjar áherslur fyrir fundi og ráðstefnur sem við köllum „Experience Meetings“. Okkur er annt um að fundurinn þinn eða ráðstefnan heppnist sem allra best og vitum nákvæmlega hvað þarf að liggja að baki svo allir fái sem mest út úr tíma ykkar saman. Við leggjum okkur fram við að mæta þínum ítrustu óskum. Láttu okkur vita hvernig þú vilt hafa hlutina. Í okkar huga er allt mögulegt.

Meginstoðir Experience Meetings hugmyndafræðinnar eru:

- **Yes I Can!**SM afstaða okkar til þjónustu á ekki einungis við í hótelrekstri okkar, heldur einnig á funda- og viðburðasviðinu. Við ábyrgjumst ánægju þína.
- **Ávinningur alla leið** – Þeir sem skipuleggja fundi hjá okkur eiga vísa vildarpunkta í Club Carlson sem hægt er að nota á hótelum um víða veröld.
- **Think Planet** – Með sérstöku forriti reiknum við út og kolefnisjöfnum fundinn þinn. Félögum í vildarklúbbnum Club Carlson er kolefnisjöfunin að kostnaðarlausu. Auk þess stefnum við að Green Key umhverfisvottun.
- **Brain Food** stuðlar að jafnri orku, allan daginn.

NÆRUM LÍKAMA OG SÁL

Radisson BLU keðjan hefur þróað **Brain Food** – næringu sérsniðna að þörfum þeirra sem þurfa að halda þrótti og einbeitingu stöðugri allan daginn.

Við vinnum út frá sex reglum:

- Við bjóðum upp á sjávarfang, heilkorn, ávexti og grænmeti.
- Allt hráefnið er ferskt og við leitumst við að fá það úr næsta nágrenni.
- Við bjóðum hreinan mat, án aukefna eða verksmiðjuframleiðslu.
- Við förum sparlega með kjötmeti og höldum fituinnihaldi hóflegu.
- Við notum náttúruleg sætuefni og viðbættur sykur er í lágmarki.
- Við leggjum áherslu á að maturinn bragðist vel og gæli við skilningarvitin.

Með þessum einföldu reglum sem þróaðar eru í samvinnu við næringarfræðinga og færustu matreiðslumenn leggjum við okkar að mörkum við að einbeiting og þrek fundargesta haldist jafnt allan daginn og höldum síðdegissleninu, sem gjarnan fylgir þungum hádegisverði og sætu bakkelsi, frá.





MECCA SPA

Mecca Spa is a unique health and lifestyle day spa designed to enable men and women to escape the pressures of everyday life and enter a world of relaxation and renewal. We are committed to providing you with the very finest experience built around the highest quality therapists, treatments, trainers, instructors, nutritional advice and products. Our passion lies in helping you to experience the added confidence and engery that comes from total well-being.

Well-being is our business and you are always welcome at Mecca Spa

Mecca Spa | Hótel Saga | Hagatorgi | Tel. 564 1011 | **www.meccaspa.is**

EFNALAUGIN BJÖRG
EFNALAUG ÞVOTTAHÚS
Háaleitisbraut 58-60 · Sími 553 1380

Gæði
Þekking
Þjónusta

Quality laundry and drycleaning service

EFNALAUGIN BJÖRG
EFNALAUG ÞVOTTAHÚS
Háaleitisbraut 58-60 · Sími 553 1380

ÞEGAR MIKIÐ STENDUR TIL

Það er nauðsynlegt að gera sér glaðan dag af og til. Glæsilegir veislusalir okkar hæfa hvaða tilefni sem er, hvort sem um er að ræða árshátíð, afmæli eða móttöku á vegum fyrirtækisins, svo eitthvað sé nefnt.

Veitingarnar gerast vart betri og eru útbúnar af matreiðslumeisturum okkar í samráði við gestgjafann.


SALIR VIÐ ÖLL TÆKIFÆRI

Hjá okkur er öll umgjörð og aðstaða eins og best verður á kosið. Níu misstórir fundarsalir eru á 2. hæðinni þar sem hægt er að halda stóra sem smá fundi af öllu tagi. Sá stærsti tekur 300 manns. Alls er fundar- og ráðstefnusvæðið um 1400 m2. Allir fundarsalirnir eru bjartir enda nýtur dagsbirtunnar þar við.

Þráðlaus háhraðanettenging er fyrir alla fundargesti. Salirnir er búnir besta fáanlega tækjakosti og því á allt að ganga snuðrulaust fyrir sig á stóru stundunum. Þjónusta skipar stóran sess í heildarupplifuninni, ekki aðeins á meðan á fundinum stendur heldur frá því að fyrstu upplýsinga er leitað.







JS ISLAND – A part of JS Danmark • Concept: JS Media Tools A/S • xxxxx • www.jsdanmark.dk